

STJÓRNARFUNDUR

825. fundur

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

DAGSETNING	Miðvikudagurinn 12. ágúst 2026
TÍMI	Kl. 08:00 – 09:28
STAÐUR	Fundarsalur SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær
FUNDARRITARI	Berglind Kristinsdóttir

Fundarsetning

Árið 2026, miðvikudaginn 12. ágúst kl. 8:00, var haldinn fundur í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í fundarsal sambandsins, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Jónína Magnúsdóttir, formaður, setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Mætt á fundinn

Jónína Magnúsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Ásrún Kristinsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Berglind Kristinsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá

1 Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2025.

Kristján Þór Ragnarsson, endurskoðandi hjá Deloitte ehf., fór yfir ársreikning Markaðsstofu Reykjaness fyrir árið 2025. Um er að ræða síðasta ársreikning félagsins þar sem stjórn hefur samþykkt að slíta starfsemi þess. Áritun endurskoðanda er fyrirvaralaus og er það álit hans að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Fjárhæðir í krónum	2025	2024
Rekstrartekjur	65.308.806	61.806.403
Rekstrargjöld	(62.252.529)	(74.653.975)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	3.056.277	(12.847.572)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	670.533	533.977
Hagnaður (tap) ársins	3.726.810	(12.313.595)
Eignir samtals 31.12.	16.316.769	44.085.514
Þar af handbært fé	15.263.151	8.735.739
Skammtímaskuldir 31.12.	22.385.709	53.881.264
Eigið fé 31.12. (neikvætt)	(6.068.940)	(9.795.750)
Eiginfjárhlutfall	-37,2%	-22,2%
Fjöldi ársverka	2	3

Rekstur ársins snerist við frá fyrra ári og skilaði 3,7 m.kr. hagnaði samanbórið við 12,3 m.kr. tap árið 2024. Tekjur jukust um 3,5 m.kr., einkum vegna hærra framlags Ferðamálastofu, en rekstrargjöld lækkuðu um 12,4 m.kr., einkum vegna lægri verkefna- og styrjakostnaðar. Eigið fé félagsins er þó áfram neikvætt um 6,1 m.kr.

Í skýringum kemur fram að skuld félagsins við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum nam 21,1 m.kr. í árslok og hafði lækkað úr 52,9 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé í árslok nam 15,3 m.kr.

Stjórn S.S.S. samþykkir ársreikning Markaðsstofu Reykjaness fyrir árið 2025 og felur framkvæmdastjóra að ganga frá undirritun hans. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að slitum félagsins, þar á meðal uppgjöri viðskiptastöðu við Sambandið og Reykjaness jarðvang og leggja fyrir stjórn tillögu á því hvernig neikvæð eiginfjárstaða verði gerð upp

2 Tölvupóstur frá Gunnhildi Þórðardóttur, dags. 24.04.2026 — skúlptúr Glerfjöll.

Lagt fram erindi Gunnhildar Þórðardóttur-Place þar sem hún býður Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum listaverkið Glerfjöll að gjöf. Verkið er 1,7 × 1,4 × 0,9 m að stærð og var áður til sýnis í Menntaskólanum á Ásbrú. Fram kemur í erindinu að listakonan telji viðeigandi að verkið verði varðveitt í opinberri stofnun á Suðurnesjum.

Stjórn S.S.S. þakkar Gunnhildi kærlega fyrir höfðinglegt boð og hlýhug í garð Sambandsins. Í ljósi stærðar verksins og aðstæðna í húsnæði Sambandsins felur stjórn framkvæmdastjóra að finna verkinu góðan stað í opinberri stofnun á Suðurnesjum í samráði við listakonuna og aðildarsveitarfélögin.

3 Tölvupóstur frá Guðjónínu Sæmundsdóttur f.h. MSS, dags. 26.06.2026 — varðandi breytingar á fjarnámsaðstöðu.

Stjórn S.S.S. brást við erindi frá MSS þann 30. júní s.l. Sent var erindi á ráðherra málaflokksins þar sem óskað var eftir svörum um fyrirhugaðar breytingar sem og fór fram á að ráðuneytið endurskoði fjármögnun þjónustunnar á Suðurnesjum með hliðsjón af fjölda prófa, raunverulegu umfangi þjónustunnar, fjölda íbúa, vaxtarstöðu svæðisins, mikilvægi þjónustunnar fyrir fjarnema á háskólastigi og þeirri staðreynd að 3,6 m.kr árlegt framlag virðist ekki standa undir óbreyttum hvað þá bættu þjónustustigi.

Lögð var áhersla á að þessar athugasemdir beinast ekki að þekkingarsetri Suðurnesja eða hlutverki þess. Þær lúta eingöngu að því að tryggja að þjónusta við fjarnema og háskólanema á Suðurnesjum verði fjármögnum með sanngjörnum og málefnalegum hætti.

4 Minnisblað — staða Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Lagt fram minnisblað Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja (HES), dags. 18. júní 2026, um stöðu embættisins í ljósi fyrirhugaðs afnáms heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Samkvæmt minnisblaðinu er gert ráð fyrir að núverandi fyrirkomulag verði lagt niður frá og með 1. janúar 2027, að matvælaeftirlit færist til nýrrar ríkisstofnunar og að hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit færist til Umhverfis- og Orkustofnunar. HES starfar áfram sem stjórnvald með óbreytta lögbundna ábyrgð út árið 2026.

Í minnisblaðinu er jafnframt fjallað um fjárhagsstöðu embættisins, þar á meðal áætlaða lífeyrisskuldbindingu að fjárhæð 122,7 m.kr. og neikvæða eiginfjárstöðu, um mannauðsáhættu vegna óvissu um framtíðarstörf og um sérstöðu Suðurnesja sem eftirlitssvæðis vegna alþjóðaflugvallar, ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, orku- og veitukerfa, vatnsverndarsvæða, varnarsvæðis og jarðvár.

Stjórn S.S.S. tekur undir áherslur minnisblaðsins og leggur áherslu á að staðbundin þekking og órofin þjónusta við íbúa og atvinnulíf tapist ekki við kerfisbreytinguna.

- 5 *Tölvupóstur frá Geocamp, dags. 05.06.2026 — Nordic SEM Risk & Resilience project approved.*
Stjórn S.S.S. fagnar því að verkefnið hafi hlotið styrk og leggur áherslu á að það passi mjög vel með verkefninu Grindavík, saman í sókn.

- 6 *Pre-Market Engagement, M26018 — Proposed hotel development at Keflavík International Airport.*
Lögð fram kynningargögn Isavia ohf. vegna fyrirhugaðrar hótelluppbyggingar á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar. Um er að ræða áform um 3–4 stöðum hótél með um 200 herbergjum á 13.000 m² lóð, með um 20.000 m² byggingarmagni á fjórum hæðum, ásamt veitinga-, funda- og þjónustuaðstöðu í beinum tengslum við flugstöðina.

Stjórn S.S.S. kallar eftir formlegu samráði við sveitarfélögin, áfangastaðinn Reykjanes og aðra lykilhagaðila áður en frekari ákvarðanir eru teknar, sem og að unnið verði heildstætt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á þróun áfangastaðarins, samkeppnisstöðu núverandi þjónustufyrirtækja, byggðaþróun og verðmætasköpun á Reykjanesi.

- 7 *Beiðni um styrk — Blái herinn.*
Lagt fram erindi umhverfissamtakanna Bláa hersins, dags. 28. júlí 2026, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð til kerrukaupa vegna hreinsunarstarfs samtakanna. Samtökin fagna 25 ára afmæli á árinu og starfa eftir heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna nr. 14 um líf í vatni. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

- 8 *Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2027.*
Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við fjárhagsáætlun S.S.S. fyrir árið 2027 og fór yfir helstu forsendur og óvissuþætti, meðal annars vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og slita Markaðsstofu Reykjanes.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að drögum að fjárhagsáætlun 2027 á grundvelli umræðunnar og leggja þau fyrir stjórn á næsta fundi, ásamt tímalínu um afgreiðslu áætlunarinnar.

- 9 *Undirbúningur aðalfundar 2026.*
Farið yfir undirbúning aðalfundar S.S.S. 2026, meðal annars dagsetningu, fundarstað, drög að dagskrá, ávarp og erindi.
Stjórn felur framkvæmdastjóra vinna málið áfram.

10 Önnur mál.

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

vegna áforma um breytingar á skipulagi lögregluembættar – mál S-138/2026.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (S.S.S.) leggst eindregið gegn því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði sameinað öðru lögregluembætti og að sjálfstæð stjórnun þess verði lögð niður.

S.S.S. tekur undir að mikilvægt sé að starfsemi lögreglu þróist í takt við breyttar aðstæður, að samstarf lögregluembættar sé eft og sameiginlegir innviðir nýttir þar sem slíkt leiðir sannanlega til betri þjónustu, aukins öryggis og skilvirkari nýtingar fjármuna. Slík markmið réttlæta hins vegar ekki að litið sé fram hjá þeirri sérstöðu sem starfsemi lögreglunnar á Suðurnesjum hefur og því mikilvæga hlutverki sem embættið gegnir fyrir öryggi landsins alls.

Suðurnes gegna einstöku hlutverki í landamæragæslu, löggæslu og öryggismálum Íslands. Á svæðinu er Keflavíkurflugvöllur, langstærsta alþjóðlega samgöngugátt landsins, auk mikilvægra innviða sem tengjast öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar.

Verkefni lögreglunnar á Suðurnesjum eru því bæði að umfangi og eðli frábrugðin verkefnum flestra annarra lögregluembættar. Samhliða almennri löggæslu í ört vaxandi samfélagi sinnir embættið umfangsmiklum verkefnum tengdum landamæraeftirliti, Keflavíkurflugvelli, alþjóðlegu samstarfi, almannavörnum og viðbrögðum við náttúruvá.

Að mati S.S.S. verður skipulag lögreglu að taka mið af þessari sérstöðu. Ekki er nægjanlegt að leggja sama skipulagslíkan að jöfnu yfir landið án þess að lagt sé sérstakt mat á þær þjóðaröryggislegu og samfélagslegu aðstæður sem eru fyrir hendi á Suðurnesjum.

S.S.S. leggur ríka áherslu á að stjórn, ábyrgð og ákvarðanatöku vegna þessara mikilvægu verkefna verði áfram staðsett á Suðurnesjum, þar sem þekking, reynsla og samstarfstengsl hafa byggst upp til margra ára.

Í fyrirbyggjandi áformum er gert ráð fyrir að þar sem embætti verði sameinuð geti aðstoðarlögreglustjóri tryggt nálægð við ákvarðanatöku. S.S.S. telur að slíkt fyrirkomulag geti ekki án frekari rökstuðnings talist jafngilt því að á svæðinu starfi sjálfstæður lögreglustjóri með fullt stjórnunarumboð, ábyrgð og beina aðkomu að stefnumótandi ákvörðunum. Því fjær sem yfirstjórn og endanlegt ákvörðunarvald færist frá Suðurnesjum, þeim mun meiri verður hættan á að sérþekking svæðisins fái minna vægi við ákvarðanatöku og að viðbragðsgeta og sveigjanleiki skerðist.

Það væri að mati S.S.S. sérstaklega varhugavert við núverandi aðstæður. Alþjóðlegt öryggisumhverfi hefur orðið flóknara, umfang starfsemi á Keflavíkurflugvelli er mikið og mikilvægi Íslands í öryggis- og varnarmálum hefur aukist.

Atburðir síðustu ára á Reykjanesskaga sýna með afgerandi hætti hversu mikilvægt er að öflug stjórnun og viðbragðsgeta sé til staðar á svæðinu sjálfu.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur gegnt lykilhlutverki í einhverju umfangsmesta og langvinnasta almannavarnaverkefni síðari ára vegna jarðhræringa og eldsumbrota á Reykjanesskaga. Við þær aðstæður hefur reynt á staðbundna þekkingu, skjót viðbrögð, samfellu í stjórnun og náið samstarf við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila.

Embættið hefur jafnframt byggt upp umfangsmikið samstarf við sveitarfélögin á Suðurnesjum, Ísavia, almannavarnir, Landhelgisgæsluna og aðra lykilaðila. Slíkt samstarf verður ekki metið eingöngu út frá fjölda stjórnenda eða stærð stjórnsýslueininga. Það byggir á trausti, þekkingu á staðbundnum aðstæðum og reynslu sem hefur skapast yfir langan tíma.

Á sama tíma hefur embættið þurft að starfa við ófullnægjandi húsnaðisaðstöðu og lengi hefur verið fyrirhuguð uppbygging nýrrar lögreglustöðvar í Reykjanesbæ. Að mati S.S.S. ætti forgangsverkefni stjórnvalda nú að vera að tryggja lögreglunni á Suðurnesjum viðunandi starfsaðstöðu, nægjanlegt bolmagn og stöðugleika til framtíðar fremur en að skapa frekari óvissu um yfirstjórn og skipulag embættisins.

Áður en ákvörðun verður tekin um framtíð embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum telur S.S.S. því nauðsynlegt að lagt verði sérstakt mat á áhrif mögulegrar sameiningar á:

- öryggi og viðbragðsgetu á Suðurnesjum,
- landamæraeftirlit og starfsemi á Keflavíkurflugvelli,
- almannavarnir og viðbrögð við náttúruvá á Reykjanesskaga,
- þjónustu við íbúa og fyrirtæki á svæðinu,
- samstarf lögreglu við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila,
- varðveislu sérþekkingar og mannauðs innan embættisins,
- stjórnun, boðleiðir og hraða ákvarðanatöku við neyðaraðstæður,
- áhrif breytinganna á þjóðaröryggi.

S.S.S. telur að sameining embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum við annað embætti muni ekki bæta þjónustu, auka öryggi eða styrkja viðbragðsgetu á svæðinu. Ekki er heldur nægjanlegt að gera ráð fyrir að aukin stærð stjórnsýslueiningar leiði sjálfkrafa til aukinnar skilvirkni þegar verkefni embættisins eru jafn sérhæfð og raun ber vitni.

Með vísan til framangreinds leggst Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum eindregið gegn því að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum verði lagt niður sem sjálfstætt lögregluembætti eða sameinað öðru embætti.

S.S.S. telur þvert á móti brýnt að áfram verði byggt upp öflugt og sjálfstætt lögregluembætti á Suðurnesjum með þá stjórn, heimildir, mannafla, sérþekkingu og starfsaðstöðu sem nauðsynleg er til að sinna einu mikilvægasta landamæra-, almannavarna- og öryggissvæði Íslands.

S.S.S. leggur jafnframt áherslu á að sveitarfélögin á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum verði höfð með í virku og raunverulegu samráði áður en frekari ákvarðanir verða teknar um skipulag lögreglu á svæðinu.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum áskilur sér rétt til að koma frekari sjónarmiðum á framfæri eftir því sem útfærsla fyrirhugaðra breytinga skýrist og að skila ítarlegri umsögn verði frumvarp þess efnis lagt fram.

Fundarslit

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 9:28.

Undirskriftir

Jónína Magnúsdóttir
formaður

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
stjórnarmaður

Ásrún Kristinsdóttir
stjórnarmaður

Björn Sæbjörnsson
stjórnarmaður

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri og fundarritari